

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl., nr. 634 30. desember 1991.

1. gr.

Í stað 6.–8. tölul. 1. gr., sbr. reglugerð nr. 361 1. október 1992, komi einn töluliður sem orðist svo:

6. Próf til aukinna ökuréttinda (til að stjórna vörubifreið, hópbifreið og bifreið til farþegaflutninga í atvinnuskyni):

a) einn réttindaflokkur 9 000 kr.

b) tveir réttindaflokkar saman 15 000 kr.

c) þrjú réttindaflokkar saman 18 000 kr.

Núverandi 9. tölul. verði 7. tölul.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

9. desember 1993

Nr. 499

AUGLÝSING

um váttryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.

Ákveðið hefur verið að váttryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 38.300.000 kr. vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 17.000 kr. að lágmarki og 170.000 kr. að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3.830.000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. desember 1993.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.